

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ragnheiður Árnadóttir
sópran
Sveinhildur Torfadóttir
klarinet
Peter Nilsson
píanó

NETÚTGÁFA

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 9. júlí 2002 kl. 20:30

Ragnheiður Árnadóttir hóf nám sitt við Söngskólann í Reykjavík og síðar Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem aðalsöngkennari hennar var Sieglinde Kahman. Vorið 1996 lauk hún áttundastigs prófi frá þeim skóla. Frá árinu 1998 hefur Ragnheiður búið í Den Haag í Hollandi þar sem hún stundar nú nám við Konunglega Tónlistarháskólann. Kennarar hennar þar hafa verið Lenie van den Heuvel, Barbara Pearson, Peter Nilsson og Wout Oosterkamp. Einnig hefur hún sótt barokksöngtíma hjá Marius van Altena. Veturinn 2000-2001 lauk Ragnheiður söngkennara-prófi með góðum árangri frá Tónlistarháskólanum í Haag og hefur síðan starfað sem söngkennari með námi.

Sveinhildur Torfadóttir útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2000 undir leiðsögn Kjartans Óskarssonar, með burtfarar og kennarapróf. Hún hefur sótt ýmis „Master Class“ námskeið, bæði í klarinettuleik, og kammarmúsík og fengið einkatíma hjá kennurum víðs vegar að, svo sem Louis Rossi, Howard Klug og Robert Spring. Sveinhildur hefur komið fram með hinum ýmsum bláasaraveitum, kammerhópum og hljómsveitum, þar á meðal Vlaams Radio Orkestra. Sveinhildur stundar nú nám við Royal Conservatorium of Gent í Belgíu þar sem aðalkennari hennar er Eddy Vanoosthouyse og áætlað hún að útskrifast þaðan vorið 2003.

Peter Nilsson, fæddur í Chicago, nam við The University of Illinois. Þar lærði hann, annars vegar meðleik hjá John Wustman, og hins vegar söng hjá Dodi Protero og Mark Elyn. Eftir nám sitt þar starfaði Peter hjá The Illinois Opera Center og Bowen Park Opera. Síðar gekk hann til liðs við The Lyric Opera Center For Young American Artists og The Chicago Symphony Chorus hvar hann starfaði undir handleiðslu Daniel Barenboim, Pierre Boulez, James Conlon, James Levine, Leonard Slatkin og Sir Georg Solti. Í dag býr Peter í Hollandi þar sem hann er fastráðinn við De Nieuwe Opera Akademie í Den Haag og Amsterdam og tekur reglulega þátt í verkefnum á vegum De Nederlands Opera, De Nationale Reisopera og Het Groot Omroepkoor.

Efnisskrá

W.A. Mozart
1756-1791

Misera, dove son

Louis Spohr
1784-1858

Sechs Deutsche Lieder für eine Singstimme,
Klarinette und Klavier. Op. 103

Sei still mein Herz
Zwiegesang
Sehnsucht
Wiegenlied
Das heimliche Lied
Wach auf

Páll Ísólffsson
1893-1974

Vögguvísa

Sigfús Einarsson
1877-1939

Ein sit ég úti á steini

Jón Leifs
1899-1968

Vögguvísa

Karl O. Runólfsson
1900-1970

Síðasti dansinn

NETÚTGÁFA

Hljóðfæraverslun Leifs Magnússonar styrkir þessa tónleika

Es sagt nicht was ihm fehlet,
Und wenn's im Grame bricht,
Verblutend und zerquälet,
Der Fremde sieht es nicht.

Es gibt einen sanften Schummer,
Wo süßer Frieden weilt,
Wo stille Ruh' den Kummer
Der müden Seele heilt.

Doch gibt's ein schöner Hoffen,
Das Welten überfliegt,
Da wo am Herzen offen
Das Herz voll Liebe liegt.

Ernst Koch

6. Wach auf

Was stehst du lange
Und sinnest nach?
Ach schon so lange
Ist Liebe wach!
Hörst du das Klingen
Allüberall?
Die Vöglein singen
Mit süßem Schall;

Aus Starrem sprießet
Baumblättlein weich,
Das Leben fließet
Um Ast und Zweig.
Das Tröpflein schlüpfet
Aus Waldesschacht,
Das Bächlein hüpfet
Mit Wallungsmacht;

Der Himmel neiget
In's Wellenklar,
Die Bläue zeigt
Sich wunderbar,
Ein heitres Schwingen
Zu Form und Klang,
Ein ew'ges Fügen
Im ew'gen Drang!

Höfundur óþekktur

Það segir ekki hvað þjáir það,
og þegar það brestur af sorg,
blæðandi og kvalið,
sér það enginn ókunnugur.

Til er blíður svefn,
þar sem ljúfur friður ríkir,
þar sem hljóðlát hvíld lækna
áhyggjur þreyttar sálar.

Þó er til fegurri von,
sem svifur ofar öllum heimum,
þar sem hjarta hvílir opið
við hjarta, fullt af ást.

6. Vaknaðu

Hví stendur þú svona lengi
og hugsar þig um?
Æ einmitt svo lengi
hefur ástin vakað!
Heyrirðu kliðinn
allt um kring?
Fuglamir syngja
blíðum rómi;

úr stirðum stofni sprettur
mjúkt laufblað,
lífið streymir
um greinar og kvisti.
dropi smýgur
úr skógargjótu,
lækurinn hoppar
með svellandi afli;

himinninn hneigir sig
í tærleika öldunnar,
bláminn sýnir sig
undurfaður,
glæðvær dans
í háttum og hljómi,
eilíf aðlögun
í eilífri þrá.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Misera, dove son! Konzert-Arie K 369

Misera, dove son!
L'aure del Tebro
Son queste ch'io respiro?
Per le strade m'aggiro
Di Tebe, e d'Argo?
O dalle greche sponde,
Di tragedie feconde
Le domestiche furie
Vennero a questi lidi,
Della prole di Cadmo,
E degli Atridi?
Là d'un monarca ingiusto
L'ingrata crudeltà
M'empie d'orrore:
D'un padre traditore
Quà la colpa m'agghiaccia;
E lo sposo innocente
Ho sempre in faccia.
Oh immagini funeste!
Oh memorie! Oh martiro!
Ed io parlo, infelice,
Ed io respiro?
Ah no! ...

Ah! non son io che parlo,
È il barbaro dolore,
Che mi divide il core,
Che delirar mi fa.
Non cura il ciel tiranno
L'affanno in cui mi vedo:
Un fulmine gli chiedo,
E un fulmine non ha.

Pietro Metastasio

Sechs deutsche Lieder für eine Singstimme, Klarinette und Klavier

1. Sei still mein Herz

Ich wahrte die Hoffnung tief in der Brust,
Die sich ihr vertrauend erschlossen,
Mir strahlten die Augen voll Lebenslust,
Wenn mich ihre Zauber umflossen,
Wenn ich ihrer schmeichelnden Stimme gelauscht,
Im Wettersturm ist ihr Echo verrauscht,
Sei still mein Herz, und denke nicht dran,
Das ist nun die Wahrheit, das Andre war Wahn.

Hvar er ég, vesöl kona? Konsertaría K 369

Hvar er ég, vesöl kona!
Er þetta loftið frá Tíber
sem ég anda að mér?
Eru það stráttin í Pebu og Argos
sem ég geng eftir?
Eða eru allar refsinnormir
úr húsi Kadmosar og Atreifs
komnar að þessari strönd
frá ströndum Grikklands,
sem eru svo auðugar
að harmleikjum?
Þar fyllir vanþakklát grimmd
óréttláts harðstjóra
mig andstyggð:
Hér lætur sekt svikuls föður
kalt vatn renna mér milli skinns og hörunds;
og saklausan brúðgumann
hef ég sífellt fyrir augunum.
Ó hörmulegu ímyndir!
Ó minningar! Ó þjáningar!
Og ég tala, vesöl konan,
og ég anda ennþá?
Æ nei! ...

Æ, það er ekki ég sem tala,
það er villimannleg kvölin
sem klýfur hjarta mitt,
sem veldur mér óráði.
Grimmúðgur himinninn lækna ekki
sorgina sem þjaka mig:
Ég grátið hann um eldingu,
en hann á enga eldingu.

Sex þýzkir söngvar fyrir söngródd, klarínett og slaghörpu

1. Vertu hljótt, hjarta mitt

Ég geymdi vonina djúpt í hjarta mér,
sem ég hafði opnað henni í trúnaðartrausti,
augu mín geisluðu af lífsgleði,
þegar töfrar hennar streymdu um mig,
þegar ég hlýddi á heillandi rödd hennar, —
bergmál hennar týndist í storminum,
vertu hljótt, hjarta mitt, og hugsaðu ekki um það,
þetta er nú hið sanna, annað var hugarórar.

Die Erde lag vor mir im Frühlingstraum,
Den Licht und Wärme durchglühte,
Und wonnetrunken durchwallt ich den Raum,
Der Brust entsproßte die Blüte,
Der Liebe Lenz war in mir erwacht,
Mich durch rieselt Frost, in der Seele ist Nacht.
Sei still mein Herz, und denke nicht dran,
Das ist nun die Wahrheit, das Andre war Wahn.

Ich baute von Blumen und Sonnenglanz
Eine Brücke mir durch das Leben,
Auf der ich wandelnd im Lorbeerkranz
Mich geweiht dem hochedelsten Streben,
Der Menschen Dank war mein schönster Lohn,
Laut auf lacht die Menge mit frechem Hohn,
Sei still mein Herz, und denke nicht dran,
Das ist nun die Wahrheit, das Andre war Wahn.

Karl Friedrich, Freiherr von Schweitzer

2. Zwiesang

Im Fliederbusch ein Vöglein saß
In der stillen, schönen Maiennacht,
Darunter ein Mägdlein im hohen Gras
In der stillen, schönen Maiennacht.

Sang Mägdlein, hielt das Vöglein Ruh,
Sang Vöglein, hört das Mägdlein zu,
Und weithin klang der Zwiesang
Das mondbeglänzte Tal entlang.

Was sang das Vöglein im Gezweig
Durch die stille, schöne Maiennacht?
Was sang doch wohl das Mägdlein gleich
Durch die stille, schöne Maiennacht?

Von Frühlingssonne das Vögelein,
Von Liebeswonne das Mägdlein;
Wie der Gesang zum Herzen drang,
Vergeß ich nimmer mein Lebelang.

Robert Reinick

3. Sehnsucht

Ich blick in mein Herz und ich blick in die Welt,
Bis vom schwimmenden Auge die Träne mir fällt,
Wohl leuchtet die Ferne mit goldenem Licht,
Doch hält mich der Nord, ich erreiche sie nicht.
O die Schranken so eng und die Welt so weit,
Und so flüchtig die Zeit, so flüchtig die Zeit!

Ich weiß ein Land, wo aus sonnigem Grün
Um versunkene Tempel die Trauben glühn,
Wo die purpurne Woge das Ufer beschäumt
Und von kommenden Sängern der Lorbeer träumt.
Fern lockt es und winkt dem verlangenden Sinn,
Und ich kann nicht hin, ich kann nicht hin!

Jörðin lá frammi fyrir mér í vordraumi,
sem glóði af ljósi og hita,
og sæludrúkkinn reikaði ég um víðáttuna,
og í brjósti mínu sprakk út blómaskrúð,
vor ástarinnar hafði vaknað í mér, —
nú nístir mig frostið, og í sálinni er nótt.
Vertu hljótt, hjarta mitt, og hugsaðu ekki um það,
þetta er nú hið sanna, annað var hugarórar.

Úr blómum og sólarljóma
byggði ég mér brú gegnum lífið,
yfir hana gekk ég með lárviðarkrans
og vígði mig allrahesta markmiði,
þakklæti mannanna var fegursta umbun mín, —
lýðurinn hlær hátt ósvifnum hæðnishlátri,
vertu hljótt, hjarta mitt, og hugsaðu ekki um það,
þetta er nú hið sanna, annað var hugarórar.

2. Tvisöngur

Í yllirunnum sat lítill fugl
um hljóðláta, fagra maínótt,
fyrir neðan var stúlka í háu grasinu
um hljóðláta, fagra maínótt.

Þegar stúlkan söng hljóðnaði fuglinn,
þegar fuglinn söng hlýddi stúlkan á,
og tvisöngurinn barst langt út í fjarskann
eftir mánaskinsljómandi dalnum.

Hvað söng fuglinn á greininni
um hljóðláta, fagra maínótt?
Og hvað hefur þá stúlkan líka sungið
um hljóðláta, fagra maínótt?

Fuglinn söng um vorsólina,
stúlkan söng um ástarunaðinn;
hve söngurinn hrærði hjarta mitt,
því gleymi ég aldrei allt mitt líf.

3. Þrá

Ég lít inn í hjarta mitt og ég lít út í heiminn
þar til tárin falla mér af grátstokknu auga;
fjarlægðin ljómar af gullnu ljósi, en norðrið
heldur mér fönnum; ég kemst aldrei þaðan.
Hve krappir eru fjötramir, en veröldin víð,
og tíminn svo hverfull, tíminn svo hverfull!

Ég þekki land, þar sem þrúgunar glóa
í sólgrænu laufi við hálfgráfin musteri,
þar sem purpuraaldan umvefur ströndina,
þar sem lárviðinn dreymir um komandi söngvara;
það seiðir til sín úr fjarska löngunarfullan huga,
og ég kemst ekki þangað, kemst ekki þangað!

O hätt' ich Flügel durchs Blau der Luft,
Wie wollt' ich baden im Sonnenduft!
Doch umsonst! Und Stunde auf Stunde entflieht,
Vertraue die Jugend, begrabe das Lied.
O die Schranken so eng und die Welt so weit,
Und so flüchtig die Zeit, so flüchtig die Zeit!

Emanuel von Geibel

4. Wiegenlied (in drei Tönen)

Alles still in süßer Ruh,
Drum mein Kind, so schlaf auch du.
Draußen säuselt nur der Wind,
Su, su, su, schlaf ein mein Kind!

Schließ du deine Äugelein,
Laß sie wie zwei Knospen sein.
Morgen wenn die Sonn' erglüht,
Sind sie wie die Blum' erblüht.

Und die Blümlein schau ich an,
Und die Äuglein küß ich dann,
Und der Mutter Herz vergißt,
Daß es draußen Frühling ist.

August Heinrich Hoffmann von Fallersleben

5. Das heimliche Lied

Es gibt geheime Schmerzen,
Sie klaget nie der Mund,
Getragen tief im Herzen
Sind sie der Welt nicht kund.

Es gibt ein heimlich Sehnen,
Das scheuet stets das Licht,
Es gibt verborgne Tränen,
Der Fremde sieht sie nicht.

Es gibt ein still Versinken
In eine inn're Welt,
Wo Friedensauen winken,
Von Sternenglanz erhellt,

Wo auf gefall'nen Schranken
Die Seele Himmel baut,
Und jubelnd den Gedanken
Den Lippen anvertraut.

Es gibt ein still Vergehen
In stummen, öden Schmerz,
Und Niemand darf es sehen,
Das schmerzgepreßte Herz.

Ó hefði ég vængi að fara um loftin blá,
hve ljúflega skyldi ég þaðast sumarilmi,
en allt til einskis! Og stund eftir stund flýr á braut,
syrgðu æskuna, greftraðu sönginn.
Hve krappir eru fjötramir, en veröldin víð,
og tíminn svo hverfull, tíminn svo hverfull!

4. Vöggusöngur (á þremur tónum)

Allt er hljótt í ljúfri ró,
sofðu því líka, barnið mitt.
Úti þýtur bara vindurinn,
uss, uss, uss, sofnaðu barnið mitt!

Lokaðu litlu augunum þínum,
láttu þau vera eins og tvo blómhnappa.
Á morgun þegar sólin skín
opnast þau eins og blómin.

Og þá horfi ég á litlu blómin,
og þá kyssi ég litlu augun,
og móðurhartað gleymir
að vorið er fyrir utan.

5. Kvæðið um leyndardómanna

Til er leyndur sársauki,
sem munnurinn fær aldrei tjáð,
hann er borinn djúpt í hjartanu,
og heimurinn þekkir hann ekki.

Til er leynd þrá,
sem forðast ætíð ljósið,
tí eru hulin tár,
sem enginn ókunnugur sér.

Til er hljóðlát hugarreik
inn í innri veröld,
þar sem friðsæl engi laða,
uppljómuð af stjörnuskinu,

þar sem sálin byggir himin sinn
á föllnum hindrunum
og trúir vörunum fagnandi
fyrir hugsunum sínum.

Til er hljóðlát eyðing
í þögulli, tómlegri kvöl,
og enginn má líta
hjartað ofurþrjúgaða.